

Þá eigi greitt er heimilt að stöðva framkvæmdir fyrirvaralaust þar til skuldin hefur verið greidd að fullu.

5. gr.

Nú hefur gatnagerðargjald verið greitt af lóð eða hliðstæð gjöld sem sveitarfélagið hefur innheimt og skal þá gilda sem greiðsla á A-gjaldi. Hafi lóðarhafar hinsvegar ekki greitt nein slík gjöld en eru með byggingu á byrjunarstigi þegar reglugerð þessi gengur í gildi ber að greiða samkvæmt 3. grein þessarar reglugerðar.

6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka og lækka gjaldstuðlana í 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júní 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Seltjarnarness.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfestri 7. september 1971.

2. gr.

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrstu tvo mánuðina, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. des. ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald, kr. 350.00 á mánuði fyrir hvern hemil.
 b. Vatnsgjald, kr. 1 440.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skkv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Seltjarnarness skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fastagjald:

Gjald á heimæð	kr. 148 000.00
0-300 m ³	— án gjalds
300-1000m ³ kr./m ³	— 178.00
100 og yfir kr./m ³	— 120.00
1 aðrennslisheimill á grind	— 37.400.00
2 aðrennslisheimlar á grind	— 63 100.00

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 2 000.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 313 11. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 8. júní 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um Hitaveitu Siglufjarðar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hitaveita Siglufjarðar er eign Siglufjarðarkaupstaðar og er rekin í þeim tilgangi að selja heitt vatn til upphitunar húsa í Siglufirði eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar um.

Reikningar Hitaveitu Siglufjarðar skulu jafnan fylgja reikningum Bæjarsjóðs Siglufjarðar til endurskoðunar og samþykktar .

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um allar vatnshitalagnir í lögsagnarumdæmi Siglufjarðarkaupstaðar, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

Stjórn Hitaveitu.

3. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar fer með stjórn Hitaveitu Siglufjarðar. Um daglegan rekstur Hitaveitunnar fer eftir samþykktum bæjarstjórnar hverju sinni. Á bygg-ingartíma Hitaveitunnar sér Bæjarráð Siglufjarðar um daglegan rekstur og stjórn framkvæmda. Þegar þörf þykir á, að mati bæjarstjórnar, skal skipaður sérstakur hitaveitustjóri.

Einkaleyfi Hitaveitu.

4. gr.

Hitaveita Siglufjarðar hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Siglufjarðarkaupstaðar. Bæjarstjórn getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn Hitaveitunnar.

Utanhússlagnir.

5. gr.

Hitaveita Siglufjarðar lætur leggja allar utanhússlagnir: Aðalæðar, dreifiaðar og heimæðar inn í hús, samanber þó 2. málsg. 4. gr. Hitaveitan sér einnig um gerð hemlagrinda og uppsetningu á þeim.